

STJÓRNARTÍÐINDI B 8 – 1995

Nr. 49

102

20. janúar 1995

AUGLÝSING

um skrá Elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar skv. 2. mgr. 19. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Elli- og hjúkrunarheimilið Grund og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Sjúkraliðafélag Íslands, Lyfjafræðinga Íslands, Læknafélag Íslands og Starfsmannafélag ríkisstofnana hafa gert með sér samning samkvæmt lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Skrá yfir þá sem falla undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Hjúkrunarforstjóri	1,0 staða	Yfirlæknir	1,0 staða
Hjúkrunarfr., næturvaktir	1,4 staða	Lyfjafræðingur	0,25 staða
Lyfjatæknir	1,0 staða		

Hjúkrunardeildir:

Á hjúkrunardeildum eru aldraðir sjúklingar í langtímadvöl, er Elli- og hjúkrunarheimilið Grund heimili þeirra og verða þeir ekki útskrifaðir annað.

Hjúkrunardeildir (DI, DI ng, DII, AII)

Einn hjúkrunarfræðingur á vakt á hverri deild á morgun- og kvöldvöktum.

Einn sjúkraliði á vakt á hverri deild á morgun- og kvöldvöktum.

Dvalardeildir:

Á dvalardeildum eru aldraðir heimilismenn í langtímadvöl, er Elli- og hjúkrunarheimilið Grund því heimili þeirra og verða þeir ekki útskrifaðir annað.

Dvalardeildir (VI, AI)

Einn hjúkrunarfræðingur á vakt á hvorri deild á morgun- og kvöldvöktum.

Einn sjúkraliði í 50% starfi á hvorri deild.

Dvalardeildir (MG/LG)

Einn sjúkraliði á hvorri deild á dagvakt.

Ræstingadeild.

Ræstingastjóri 1,0 staða

Aðalborðsalur.

Verkstjóri 1,0 staða

Eldhús.

Yfirmatsveinn 1,0 staða

*Reykjavík, 20. janúar 1995.**Ellis- og hjúkrunarheimilö Grund.***Guðrún B. Gísladóttir** forstjóri.

12. janúar 1995

Nr. 50

AUGLÝSING**um skrá Vinnu- og dvalarheimilis Sjálfsbjargar skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.**

Vinnu- og dvalarheimili Sjálfsbjargar (VDS) er sjálfseignarstofnun. Þar er rekin starfsemi á grundvelli 4. og 5. tl. 24. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu. Lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna taka m. a. til starfsmanna sjálfseignarstofnana og liggur fyrir yfirlýsing stjórnar VDS að um starfsmenn tilgreindra stéttarfélaga gildi ákvæði laga nr. 94/1986 eftir því sem við getur átt sbr. 2. gr. laganna. Í dag varða löginn starfsmenn stofnunarinnar innan eftirgreindra stéttarfélaga: Starfsmannafélags ríkisstofnana, Sjúkraliðafélags Íslands, Félags íslenskra sjúkrálfálara, Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa og Iðjubjálfafélags Íslands (kjarafélags iðjubjálfa).

Í 19. gr. laga nr. 94/1986 eru tilgreindir þeir, sem ekki er heimilt að gera verkfall og í 3. tl. 1. mgr. 19. gr. er tilgreint, að heimild til að gera verkfall nái eigi til þeirra, sem starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu.

Í 2. mgr. 19. gr. er gert ráð fyrir að skrá yfir þá, sem falla undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 sé birt opinberlega. Fer hér á eftir skrá yfir þá starfsmenn Vinnu- og dvalarheimilis Sjálfsbjargar í ofangreindum stéttarfélögum sem óheimilt er að gera verkfall:

Heimilisdeildir.

Þar eiga lögheimili 43 mikið fatlaðir einstaklingar sem ekki verða sendir af heimili sínu þó komi til verkfalls. Einnig eru þar 2 skammtímavistrými.

Á heimilisdeildum starfa 3 hjúkrunarfræðingar í fullu starfi (einn á hverri hinna þriggja hæða heimilisins). Gert er ráð fyrir að allir hjúkrunarfræðingarnir sinni störfum komi til verkfalls. Á heimilisdeildunum starfa einnig 12 sjúkraliðar í 9,8 stöðugildi. Gert er ráð fyrir að 6 sjúkraliðar í 5,0 stöðugildi sinni störfum komi til verkfalls. Stöðurnar raðast þannig: 3 sjúkraliðar í fullu starfi á morgunvakt, 1 sjúkraliði í 70% stöðugildi á næturvakt og 2 sjúkraliðar í samtals 1,3 stöðugildi á kvöldvakt.